

Loflagsstefna – Aðgerðaráætlun

Aðgerðaráætlun við loftlagsstefnu FVA í umhverfis og loftlagsmálum fyrir árin 2022 – 2024. Áherslur og markmið loftlagsstefnunnar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á ársverk um 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2021. Stofnunin stefnir einnig að kolefnishlutlausri starfsemi með því að kolefnisjafna 80% losunar frá 2021. Þá skal hugað markvisst að kolefnisspori máltíða og auka hlut grænmetis og fisks í mótuneyti og flokka lífrænan úrgang í takt við aðgerðir Akraneskaupstaðar til viðbótar við aðra flokkun. Hvatt er til hjólréiða og rafrænna fundahalda. Sett verður upp hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla.

Samgöngur:

Áherslur: Draga úr losun GHL vegna samgangna á vegum FVA.

Markmið: Að stuðla að því að starfsfólk og nemendur skólans noti hagkvæman, vistvænan og heilsusamlegan ferðamáta í anda sjálfbærni.

Aðgerð: Skólinn hvetur nemendur og starfsfólk til að nota umhverfisvænan ferðamáta eins og að hjóla eða ganga í skólann sé þess nokkur kostur.

Ábyrgð: Skólameistari

Gildistími: 2022 - 2024

Við skólann eru stæði fyrir reiðhjól og eru þau ætluð bæði nemendum og starfsfólki.

Ábyrgð: Umsjónarmaður fasteigna

Gildistími: 2022 – 2024

Skólinn hvetur nemendur og starfsfólk til að sameinast í bíla, kjósi þeir að koma á bíl í skólann.

Ábyrgð: Skólameistari

Gildistími: 2022 - 2024

Við skólann eru 4 hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla.

Ábyrgð: Skólameistari

Gildistími: 2022 - 2024

Þegar pantaðir eru leigubílar, bílaleigubílar eða hópferðabílar á vegum skólans skal óskað eftir vistvænum bílum sé þess nokkur kostur.

Ábyrgð: Skólameistari

Gildistími: 2022 - 2024

Orkunotkun:

Áherslur: Draga úr losun GHF og huga að orkusparnaði.

Markmið: Draga úr notkun rafmagns og hitaveituvatns.

Aðgerð: Skólinn hvetur starfsmenn til að slökkva ljós í rýmum sem ekki eru í notkun.

Ábyrgð: Skólameistari

Gildistími: 2022 - 2024

Auka notkun á hleðslurafhlöðum með því að hafa hleðslurafhlöður og hleðslutæki til notkunar fyrir starfsmenn.

Ábyrgð: Skrifstofa FVA

Gildistími: 2022 - 2024

Óska eftir að skipt verði yfir í Led ljós þegar viðhald fer fram.

Ábyrgð: Umsjónarmaður fasteigna

Gildistími: 2022 - 2024

Við kaup á raftækjum skal reynt að velja tæki í sem bestum orkuflokki.

Ábyrgð: Innkaupastjóri

Gildistími: 2022 - 2024

Mínna starfsmenn á að loka gluggum þegar rými eru yfirgefin.

Ábyrgð: Skólameistari

Gildistími: 2022 - 2024

Fara yfir og fylgjast með ofnastillingum.

Ábyrgð: Umsjónarmaður fasteigna

Gildistími: 2022 - 2024

Úrgangur:

- Áherslur: Minnka úrgang og bæta flokkun í FVA
- Markmið: Auka hlut flokkaðs úrgangs til endurvinnslu um 10%. Halda matarsóun í lágmarki. Auka endurnýtingu og kaupa margnota hluti eins og hægt er.
- Aðgerð: Auka fræðslu meðal nemenda og starfsmanna um flokkun sorps.
- Ábyrgð:** Verkefnastjóri grænna skrefa
- Gildistími:** 2022 - 2024
- Hafa endurvinnslutunnur á áberandi stöðum.
- Ábyrgð:** Umsjónarmaður fasteigna
- Gildistími:** 2022 - 2024
- Skráning í mötuneyti.
- Ábyrgð:** Matráður
- Gildistími:** 2022 - 2024
- Hafa skömmtun í mötuneyti í hófi og bjóða upp á ábót.
- Ábyrgð:** Matráður
- Gildistími:** 2022 - 2024
- Hafa einn daga í viku þar sem afgangar eru nýttir í matinn.
- Ábyrgð:** Matráður
- Gildistími:** 2022 - 2024
- Hvetja starfsmenn til að draga úr ljósritun eins og hægt er.
- Ábyrgð:** Skrifstofa FVA
- Gildistími:** 2022 - 2024
- Ekki nota einnota umbúðir í mötuneyti.
- Ábyrgð:** Matráður
- Gildistími:** 2022 – 2024

Annað:

Áherslur: Vera vakandi yfir umhverfissjónarmiðum í FVA

Markmið: Vera vakandi yfir umhverfismálum og kynna þau fyrir nemendum og starfsmönnum. Höldum grænt bókhald og fylgjum grænum skrefum.

Aðgerð: Vera með verkefnisstjóra fyrir umhverfismál og græn skref og virka umhverfisnefnd.

Ábyrgð: Skólameistari

Gildistími: 2022 - 2024

Ná öllum grænu skrefunum 5 og halda þeim.

Ábyrgð: Verkefnastjóri grænna skrefa

Gildistími: 2022 - 2024

Halda grænt bókhald og nota það sem tæki til betri nýtingar og minni úrgangs.

Ábyrgð: Skólameistari og verkefnastjóri grænna skrefa

Gildistími: 2022 - 2024